

3. fundur stjórnar AP, starfsárið 2018-2019

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík miðvikudaginn 12. desember 2018 kl. 15:00.

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Elías Pétursson, Guðmundur Halldórsson, Guðmundur Vilhjálmsson, Jóna Björg Arnarsdóttir og Jóna Björg Hlöðversdóttir. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Aldursforseti nýkjörinnar stjórnar sem kosin var á fulltrúaráðsfundi 26. nóvember sl., Aðalsteinn Á Baldursson, setti fund og stjórnaði kjöri formanns, varaformanns og ritara.

1. Verkskipting stjórnar

Fram kom tillaga um Elías Pétursson sem formann, Jónu Björgu Hlöðversdóttur sem varaformann og Jónu Björgu Arnarsdóttur sem ritara. Fleiri tillögur komu ekki fram og voru þau því sjálfkjörin sem staðfest var með lófaklappi. Tók nýkjörinn formaður við fundarstjórn.

2. Starfsáætlun 2019

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að starfsáætlun fyrir 2019 sem unnin hefur verið af starfsmönnum á grundvelli megin markmiða sem stjórn setti á haustdögum 2017. Drögin voru einnig lögð fyrir stjórnarfund 30. október sl. og þá var starfsmönnum falið að vinna þau áfram og leggja að nýju fyrir þar sem þá lá fyrir að kjörin yrði ný stjórn í stofnuninni.

Að yfirferð lokinn var starfsáætlun 2019 samþykkt samhljóða. Jafnframt ákveðið að fara á árinu yfir megin markmið til undirbúnings starfsáætlunar 2020 og samræma þau áherslum aðildarsveitarfélaganna í atvinnumálum og áherslum í nýrri sóknaráætlun Eypings sem taka mun gildi 2020.

3. Önnur mál

- a) Guðmundur Vilhjálmsson vakti athygli á mikilvægi þess að þekkingarstofnanir hefðu aðkomu að verkefnum Brothættra byggða á svæðinu líkt og í öðrum landshlutum. Tekið undir þau sjónarmið og mun félagið beita sér fyrir því við skipulag þess verkefnis sem samþykkt hefur verið að fara í á Bakkafirði. Stjórnin telur mikilvægt að þegar verði unnið að því að hefja það verkefni og felur framkvæmdastjóra í samráði við Langanesbyggð að þrýsta á Byggðastofnun þar um.
- b) Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að vinna tillögu að fundaplani til næsta ársfundar og senda stjórnarmönnum til skoðunar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:20